



**Kiwanisfréttir**

**Skýrsla ritstjóra Kiwanisfrétta  
til Umdæmisstjórnarfundar  
22. janúar 2011**

Umdæmisstjóri, ágætu Kiwanisfélagar.


Skýrsla mín í raun eru Kiwanisfréttir sem komu út fyrir síðustu jól. Ég er ágætlega sátt við blaðið eins og það endaði en er afskaplega ósátt við ýmsa hluti.

Það sem mér liggur helst á hjarta er hve illa gekk að fá ákveðið fólk til að skila efni. Þá er ég að tala um þá, sem voru búnir að tilkynna mér að þeir myndi senda inn. Ef ég sendi út tilkynningu að síðasti skiladagur er einhver ákveðinn dagur, þá meina ég það, sem ég segi og ef fólkí dugar ekki 4 vikur til að skrifa og þá sleppir það að senda, eða byrjar miklu fyrr að skrifa og er þá tilbúið með sínar greinar þegar kemur að lokafresti. Ég tók þá ákvörðun eftir að hafa slegist við nokkra að þetta myndi ég ekki gera aftur, heldur stand fast á mínu – enginn frestur er gefinn, hvort sem það er umdæmisstjóri eða einhver annar. Næsta blað kemur út ca. 15. apríl og er skilafrestur eigi síðar en 21. mars, þannig að þeir sem eru hér inni og vilja skila inn efni – geta byrjað strax að skrifa og hlýtur að duga þeim 2 mánuðir til þess.

Annað sem mér finnst ekki gott það eru þessar auglýsingatekjur sem samþykktar voru á síðasta Umdæmisþingi fyrir blaðið. Mér er spurn! ætlar fjárhagsnefndin sem samdi þessa fjárhagsáætlun að afla þessara auglýsingatekna? Það er við skrattann að eiga að safna auglýsingum, það vill enginn auglýsa í félagsblaðið sem ekki er dreift nema í 1000 eintökum. Ég og klúbburinn minn lögðu töluvert á okkur, að afla auglýsinga en aðeins náðist í tvær og þær litlar. Ég hef rætt þetta við nokkra félaga hvort þeim finnst að það eigi að vera auglýsingar í svona félagsblaði og voru allir sammála um að þetta væri ekki staður til að auglýsa og ættu í raun ekki heima í Kiwanisfréttum. Þannig að ég skora hér með á fjárhagsnefndina að vera í sambandi við raunveruleikann og ég tala nú ekki um að vera í sambandi við ritstjórnann áður en svona er sett inn.

Svo er eitt enn, prentkostnaður blaðsins hefur hækkað mikið þó svo að blaðið sé prentað í færri eintökum en áður eða 1100 blöð. Ég er alls ekki sátt við fjárhagsáætlunina sem samþykkt var á Umdæmisþinginu. Þar gerði fjárhagsnefndin ráð fyrir að Kiwanisfréttir myndu kosta 308.000 kr. í prentun. Þessi tala m.v. 16 síðna blað og það kemur hvergi fram á áætluninni. Þingblaðið var prentað í 1300 eintökum og kostaði 486.000 kr. og var 20 síður og jólablaðið var prentað í 1100 eintökum og kostaði 516.00 kr. eða 208.000 kr. fram yfir fjárhagsáætlun og var 24 síður. Mér finnst alveg lágmark að upplýst sé í fjárhagsáætlun við hvað er miðað. Síðan gera þeir ráð fyrir 881 félaga þegar félagafjöldin er 940 þarna eru tæplega 110.000 kr. sem vantar inn í fjárhagsáætlun. Þetta þyrfti að skoða og þá er komið að því, að kannski ætti að leita tilboða hjá öðrum og sjá hvort hægt sé að komast að hagstæðara samkomulagi. Þarna tel ég vettvang fyrir fjárhagsnefndina að koma að málum og sjá hvort ekki væri hægt að finna hagstæðari lausnir. Ég er alls ekki sátt við að fara fram úr fjárhagsáætlun og verða síðan kennt um að ég bruðli – og hitt finnst mér lágmarkskurteisi að fjárhagsnefndin láti vita í fjárhagsáætlun hvað stendur á bak við tölur. m.v. við þessa útreikninga hef ég aðeins 102.000 kr. til að gera næsta blað og þá er stóra spurning sú – verður gefið út annað blað?

Með kiwaniskveðju

  
Þyri Marta Baldursdóttir  
ritstjóri